



# Hvatarblaðið



**GLEDILEGA  
PÁSKA**



## Kæru þorrablótsgestir 2024

Við í þorrablótsnefnd 2024 viljum þakka ykkur fyrir komuna og gleðina sem ríkti frá upphafi til enda.

Þið voruð frábær og sannir víkingar sem létuð veðrið ekki stoppa ykkur, því þetta var nú tvísýnt um tíma. Stjórн ungmannafélagsins og Steinari þökkum við fyrir veitta aðstoð. Sjáumst vonandi hress á næsta ári.

Verðlaunabotnin í ár átti Eva Björk Kristborgardóttir og fyrri partinn orti Ragna Björnsdóttir.

Vísan hljómar svona.

Teygum öл og tyggjum spik,

Treystum vinaböndin.

Sé i augum ástarblik

hlý er vinarhöndin.

Megi næstu nefnd ganga vel í sínum störfum en hana skipa:

Lilja og Einar Klausturhólum

Guðrún og Þórður Svínavatn

Anna og Halli Valli Sólheimum

Ragna og Birgir Stangarlæk

Stuðkveðja

Þorrablótsgefndin 2024

Fundargerðir	
Sveitarstjórn	<a href="#">562. fundur</a>
Framkvæmda og Veitunefnd	<a href="#">14. fundur</a>



Mars 2024

## Framkvæmdir í Grímsnes- og Grafningshreppi



### Vaðnes

Borun hófst eftir heitu vatni í Vaðnesi um miðjan janúar. Holan verður í sama þvermáli og núverandi vinnsluhola eða með 10 3/4" fóðringu og 8 1/2" vinnsluhluta en þó aðeins dýpri eða um 600 m í stað 430 m. Einnig verður fóðrað niður á 100 m samanborið við 56 m í núverandi vinnsluholu. Þessi aðgerð mun ef vel til heppnast bæði auka vinnslugetu á svæðinu ásamt því að auka afhendingaröryggi veitunnar. Á myndinni er borinn Alur tilbúinn til borunar. Aðaldæluhús og vinnsluhola eru í stærra húsinu vinstra megin og rafstöðvarhús hægra megin. Einnig má sjá skúr yfir fyrstu vinnsluholunni í Vaðnesi en sú hola var einungis um 56 m djúp.

### Viðbygging við Íþróttahús

Búið er að bjóða út jarðvinnu fyrir viðbygginguna við Íþróttahúsið og voru Fossvélar með lægsta tilboðið. Stefnt er á verklok á jarðvinnu í maímánuði og útboð við uppsteypu og utanhúsfrágang á húsinu í lok febrúar.



### Athafnasvæði við Sólheimaveg


Verið er að ljúka framkvæmdum við nýtt athafnasvæði við Sólheimaveg. Svæðið í heild sinni telur 52 lóðir á um 23 hektara svæði en í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir 11 lóðum. Suðurtak er aðalverktaki. Á svæðinu verður hægt að byggja íðnaðarhúsnæði með hámarksstærð 473-660 m2. Hægt verður að sameina byggingarreiti ef vilji er til að byggja stærra. Sveitarfélagið heldur eftir einni lóð til uppbyggingar á nýju áhaldahúsi. Stefnt er á auglýsingu lóða núna á næstunni.






## Ný Hreinsistöð

Búið er að fjárfesta í nýrri 930 persónueininga hreinsistöð fyrir Borg í Grímsnesi. Hreinsistöðin er fullkominn þriggja þrepa stöð sem mun taka við skólpi bæði frá nýju hverfi og eldra hverfi. Núverandi hreinsistöð verður áfram í rekstri en með nýrri stöð verður afkastageta fjórfolduð og sveitarfélagið því vel í stakk búið til að taka á móti skólpi á ábyrgan hátt til komandi ára.



## Skólalóð



Verið er að leggja lokahönd á hönnun á frágangi skólalóðar við grunnskóladeild Kerhlósskóla. Markmið breytinga er að gera svæðið aðgengilegt fyrir alla ásamt því að bæta ásýnd og lýsingu á svæðinu. Stefnt er á framkvæmdir í sumar og verður verkið boðið út. Samhliða þessum frágangi verður lagt nýtt gervigras á battavöllinn en núverandi gras er komið til ára sinna.



## Rannsóknarboranir við Kaldárhöfða

Í lok árs 2023 var rannsóknarborunum eftir köldu vatni lokið við Kaldárhöfða. Boranirnar eru samstarfsverkefni Grímsnes- og Grafningsrepps, Flóahrepps og Árborgar. Boraðar voru 6 rannsóknarholur til að staðsetja öfluga vatnslind sem brýst fram úr Efra-Sogi. Það tókst að staðsetja lindina í fjórðu holu og næsta skref er að bora víða vinnsluholu sem til að byrja með verður notuð til athugunar á hegðun lindarinnar við mikla dælingu.

Unnin hefur verið kostnaðaráætlun vegna virkjunar og aðveitulagnar af Eflu verkfræðistofu ásamt leiðargreiningu og mati á jarðvegsástæðum. Efla hefur einnig unnið kostnaðarmat vegna aðveitulagnar frá Kaldárhöfða að írafossvirkjun. ÍSOR er ráðgjafi verkefnisins varðandi borun og rannsóknir á vatni á Kaldárhöfðajörðinni

Þó nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á jörðinni í tengslum við skráningu á vatnslindum og vegna fyrirhugaðrar vatnsvinnslu. Þóroddur F. Þóroddson og Árni Hjartarson mældu lindir á um 50 m kafla í farvegi Efra-Sogs fyrir neðan stíflu og töldu þær gefa um 1-2.000 l/s. Bjarni Reyr Kristjánsson og Pórólfur H. Hafstað töldu sömu lindir gefa allt að 4.000 l/s. Þeir gátu sér til um það að vatnið væri annaðhvort komið frá Þingvallavatni skemmtu leið en töldu það líklegra að það komi lengri leið frá Lyngdalsheiði. Efnagreiningar benda til þess að vatnið sé líkara því vatni sem komi fram í lindum við Kaldárhöfða en vatni úr Þingvallavatni.

Til glöggunar er heildarvatnsnotkun höfuðborgarsvæðisins um 1.200 l/s og er því um gríðarlegt vatnsmagn á svæðinu sem getur nýst Suðurlandi næstu áratugina eða árhundruð. Mikilvægt er því að vanda til verka, sérstaklega hvað vatnsvernd varðar.

Í nýju aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningsrepps hefur verið skilgreint bæði nær- og fjærsvæði vatnsverndar, svæði VF2 og VG63. Vatnsverndarsvæðinu er ætlað að tryggja gæði neysluvatns á svæðinu.

Á mynd má sjá borinn Hrímini frá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða við störf. Horft er yfir Þingvallavatn og sjá má farveg Efra-Sogs og stífluna þar.

## Nýtt íbúðarhverfi

Framkvæmdir eru hafnar við gerð nýs íbúðarhverfis og miðsvæði á Borg í Grímsnesi. Í fyrsta áfanga miðsvæðis verður lóð fyrir eldsneytis- og hraðhleðslustöð ásamt möguleika á verslunar- og veitingarekstri. Einnig verður hótell óð fyrir allt að 70 herbergja hótel og fjórar lóðir fyrir blandaða atvinnustarfsemi með möguleika á íbúðum á efri hæð.

Aðalgatan mun bera nafnið Miðtún og verða einnig kláraðar tvær íbúðarhúsagötur, Borgartún og Lækjartún. Í Borgartúni verður gert ráð fyrir fjölbýlishúsum en í Lækjartúni verður blanda af einbýlum, parhúsum og raðhúsum. Heildarfjöldi íbúða verður að hámarki 40. Gert er ráð fyrir innviðum fyrir þriðju götuna, Skógartún í verkinu ásamt innviðum fyrir áframhaldandi framkvæmdir norðan við þetta svæði.

Lokið er við gerð fyrsta botnlangans, Borgartúns og fer vinna við næsta botnlanga bráðlega af stað þegar aðstæður leyfa.

# PÁSKABINGÓ

Á VEGUM  
UNGLINGADEILDAR  
KERHÓLSSKÓLA

17. MARS 2024  
KL 16:00

FÉLAGSHEIMILIÐ BORG  
EITT SPJALD 1000 KR.  
AUKA SPJÖLD 500 KR.  
INNIFALIÐ KAFFI OG KÖKUR

Allur ágóði rennur í ferðasjóð  
unglingastigs Kerhólsskóla



**LISTASAFN  
ÁRNESINGA**

02.03 - 25.08 2024

Hrafnkell Sigurðsson  
*Loftnet*  
*Aerials*

Sigga Björg & Mikael Lind  
*Hamflettur*  
*Skinnings*

$\frac{1}{3}$   $\frac{2}{4}$

Kristinn Már Pálason  
*Káþarsis*

Erla S. Haraldsdóttir  
*Draumur móður minnar*  
*My Mother's Dream*



[www.listasafnarnesinga.is](http://www.listasafnarnesinga.is)  
Austurmörk 21  
810 Hveragerði



Ókeypis  
aðgangur  
Free entry

**SAFNAÐ**  
The Museum Council of Iceland

**SÖKNARÁÆTLUN**  
SUDURLANDS

## Aðalfundur

Aðalfundur sauðfjárræktarfélagsins Barms verður haldinn í Félagsheimilinu Borg mánudaginn 11. mars klukkan 19:30. Venjuleg aðalfundarstörf.

Kveðja stjórnin



## JP Verk Jarðvinnuverktaki

[JTVERKEHF@GMAIL.COM](mailto:JTVERKEHF@GMAIL.COM)  
Jóhannes 848-4123 & Guðmundur 868-4115

Tökum að okkur STÓR og smá verk:

- jarðvinnu -
- tætingu -
- snjómokstur -
- bílaflutninga,
- jarðheflun
- fólksflutninga.

JP Verk



## Frá Búnaðarfélagi Grímsneshrepps

Aðalfundur

Búnaðarfélags Grímsneshrepps verður haldinn í Félagsheimilinu Borg sunnudaginn 17. mars kl. 20:00

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kaffiveitingar.
3. Önnur mál.



## Opinn fundur um fjallskil

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps boðar til opins fundar um fyrirkomulag fjallskila í sveitarfélagini fimmtdaginn 21. mars klukkan 20:30 í Félagsheimilinu Borg.

Fundurinn er opinn öllum, en sauðfjárbændur og landeigendur eru sérstaklega hvattir til þess að mæta.





Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd og stýrihópur heilsueflandi samfélags óska eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna vegna heilsueflandi verkefna og starfa.

Í leiðinni minnum við á að hægt er að sækja um styrki fyrir heilsueflandi verkefni en allar upplýsingar um styrkinn má finna á heimasiðu sveitarfélagsins.

Tilnefningar má send á heilsu- og tómstundafulltrúa á netfangið gudrunasa@gogg.is eða í síma 4805515.

Einnig má senda á sama netfang spurningar og ábendingar varðandi heilsueflandi samfélag.



## GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS VERSLUNIN VALA

OPNUNARTÍMI GRÆNU  
KÖNNUNNAR OG VÖLU Í  
MARS 2024

VIRKIR DAGAR OPIÐ  
11:00 TIL 16:00

LAUGARDAGAR 11:00 TIL 17:00  
SUNNUDAGA 13:00 TIL 17:00

PÁSKAOVNUN:  
SKÍRDAGUR 11:00 - 17:00  
FÖSTUDAGURINN LANGI LOKAÐ  
LAUGARDAGURINN 30. MARS  
11:00 - 17:00  
PÁSKADAGUR LOKAÐ  
ANNAR Í PÁSKUM 13:00 - 17:00

MÖTUNEYTI OPIÐ ALLA VIRKA  
DAGA FRÁ 11:30 TIL 13:00



## Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2024

24. febrúar	Áðalfundur kl. 11
7. mars	Gleði i Vinstofunni af tilefni Alþ. bar. d. kvenna
20. apríl	Ársfundur SSK á Laugalandi í Holtum
Mai	Vorfundur/Leikfusferð
1. júní	Kosningakaffi
4. júní	Vorgleði i Mörkinni
17. júní	Fjallkonan
Júní	Undirbrúningur fyrir Grímsævintýri
Ágúst	Vinnudagar fyrir Grímsævintýri
Ágúst	Grímsævintýri
5. septemb.	Hauustfundur
Sept./okt.	Gleði með uppsveitafélagunum
11.-13. októb.	Landsþing Kl á Ísafirði og í Hnifsdal
1. nóvemb.	Grimuball
Nóvember	Jólabingó
Nóv./Des	Jólfundur

Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.





Öskudagar





**ÚTKALL  
PÁSKAEGGJALEIT**

Vegna mikils hraða páskakaninunnar hefur fjöldi eggja döttid úr körfunni hennar á ferd um Borgarsvæðid.

Hjálparsveitin Tintron óskar því eftir auknum lídstyrk til leitar að eggjunum laugardaginn 23. mars næstkomandi.

Leitarfólk mæti í hús sveitarinnar klukkan 14:00 til að fá nánari upplýsingar um leitarsvæðid.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Félagar Hjálparsveitarinnar Tintron

## Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps



Opnunartímar:

Mánudaga 12:30 til 13:30 og 15:00 til 16:30

Þriðjudaga 15:00 til 16:30

Fimmtudaga 12:30 til 13:30 og 15:00 til 16:30

Kvöldopnun:

Þriðjud. 12. mars kl. 19:30 – 21:30 Handverkskvöld

Fimmtud. 14. mars kl. 19:30 – 21:30

Ath. lokað dagana 25. - 27. mars.



### Yfirstjórn Seyruverkefnisins flyst á Laugarvatn

Halldóra Hjörleifsdóttir hefur látið af störfum sem bjónustufulltrúi Seyruverkefnisins en verkefnið hefur nú verið flutt til Umhverfis- og tækniþiðs Uppsveitanna, UTU, á Laugarvatni. Verður öllum verkefnum sem áður voru á höndum þjónustufulltrúa sínt þaðan í framtíðinni.

Það eru Sveitarfélögin Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur sem standa að seyruverkefninu. Verkefnið er samstarfsverkefni sveitarfélögana, Landgræðslunnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og reka sveitarfélögin móttökustöð fyrir seyru á Flúðum og annast hreinsun rotþróa í sveitarfélögnum.

Verkefnið felst í því að sveitarfélögin sjá um hreinsun rotþróa. Hverja rotþró þarf að hreinsa á þriggja ára fresti. Seyrunni er safnað af seyrubil sem flytur hana að Seyrustóðum, í Hrunamannahreppi. Þar er seyrunni blandað saman við kalk og stundum einnig grasfræ. Pellar seyran hefur verið kölkuð er henni dreift á sérstakt dreifingarsvæði inn að Hrunamannafrétti þar sem hún er notuð í uppgræðslu. Rotþrær á svæðinu eru nú vel riflega 7.000 og hefur þeim fylgað örт undanfarin ár. Verkefnið hefur frá upphafi verið mikil frumkvöðlastarf en Seyrustaðir eru eina vinnslustöð sinnar tegundar á Íslandi.

Á myndinni má sjá Aldís Hafsteinsdóttur, fyrr. framkvæmdastjóra Seyruverkefnisins þakka Halldóru Hjörleifsdóttur fyrir góð störf.



## Vetraropnun

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-22

Föstudaga LOKAÐ

Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun



Heimasíða: [www.gogg.is](http://www.gogg.is)

Netfang: [sundlaug@gogg.is](mailto:sundlaug@gogg.is)

Sími 480 - 5530

## Aðalfundur Hs. Tintron



Aðalfundur Hjálparsvitarinnar Tintron verður haldinn í húsnæði sveitarinnar miðvikudaginn 13. mars næstkomandi.

Alla sem hafa áhuga á einhverjum hluta starfsins viljum við hvetja til að mæta, kynna sér starfið og jafnvel slást í för með okkur ört stækkandi sveit.

Fundurinn hefst klukkan 19:30

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir skv. lögum sveitarinnar

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Fundargerð síðasta aðalfundar lesin upp og borin undir atkvæði.
3. Skýrsla stjórnar um starf sveitarinnar.
4. Fjárhagsskýrsla gjaldkera.
5. Umfjöllun um ársreikninga og þeir bornir undir atkvæði.
6. Inntaka nýrra félaga.
7. Lagabreytingar.
8. Kosning stjórnar, sbr. 3. gr. laga þessara. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega, gjaldkeri, ritari og meðstjórnendur í eинu lagi. Þá skulu varamenn kosnir sérstaklega. Formaður og varaformaður skulu vera kosnir annað hvert ár og ekki á sama ári
9. Kosning uppstillingarnefndar, hún skal skipuð 3 mönnum.
10. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

11. Ákvörðun árgjalds.

12. Önnur mál

Kveðja  
Stjórn Hjálparsvitarinnar Tintron

RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS LINDA SVERRISDÓTTIR	ÁBYRGÐARMAÐUR ÞÓRLEIF HOFFMANN GUNNARSDÓTTIR
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á netföngin: <a href="mailto:linda@gogg.is">linda@gogg.is</a> eða <a href="mailto:gogg@gogg.is">gogg@gogg.is</a>	<a href="https://www.gogg.is/">https://www.gogg.is/</a>